

Reykjavík, 22. apríl 2016

Til:

Foreldra barna og unglunga í Reykjavík

Upplýsingar um sumarstarf fyrir börn og unglunga

Í sumar verður fjölbreytt framboð af afþreyingu og fræðslu fyrir börn og unglunga í Reykjavík. Finna má upplýsingar um sumarstarfið á frístundavefnum www.fristund.is, s.s. um starf frístundamiðstöðva, siglinganámskeið, sumarbúðir, íþróttanámskeið, reiðnámskeið og margt fleira sem í boði er.

Skráning

Skráning í sumarstarf frístundaheimila (sumarfrístund), sértækt félagsmiðstöðvastarf, siglinganámskeið í Siglunesi og á dýranámskeið í Húsdýragarðinum hefst mánudaginn **25. apríl kl. 8:20** en skráning í sumarsmiðjur fyrir börn sem eru að ljúka 5.-7. bekk hefst **18. maí n.k.**

Skráning í sumarstarf á vegum Reykjavíkurborgar fer fram á vefnum <http://sumar.fristund.is>.

Skráning í sumarstarf frístundaheimilanna, sértækt félagsmiðstöðvastarf og siglinganámskeið þarf að fara fram fyrir kl. 12:00 á föstudögum eigi barn að byrja á mánudeginum á eftir. Skráning á dýranámskeið þarf að fara fram á miðvikudegi í vikunni áður en námskeið hefst. Foreldrum er bent á að skrá börn sín tímanlega þar sem námskeiðin geta fyllst fljótt.

Athugið að ef foreldrar geta ekki nýtt sér rafræna innritun geta þeir farið á [frístundamiðstöðvar borgarinnar](#) (helst fyrir hádegi) og fengið aðstoð við skráningu. Ekki er hægt að skrá börn í sumarstarf Reykjavíkurborgar í gegnum síma en hægt er að fá leiðbeiningar símleiðis hjá þjónustuveri Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 ef foreldrar eru við nettengda tölvu.

Skráning í sumarstarf annarra fer fram hjá viðkomandi félagi/aðila.

Með von um ánægjulegt samstarf,

Soffía Pálsdóttir,
skrifstofustjóri frístundamála
á skóla- og frístundasviði

Steinþór Einarsson
skrifstofustjóri íþróttamála
á íþróttá- og tómsundasviði